

Laugalandsskóli í Holtum
Sjálfsmatsskýrsla, 6. hluti
Nóvember 2011



Líðan nemenda og starfsfólks

Hulda Brynjólfsdóttir

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	2
<i>Niðurstöður</i>	3
<i>Nemendur:</i>	3
<i>Starfsfólk:</i>	5
<i>Umbætur:</i>	8
<i>Lokaorð:</i>	8
<i>Spurningalisti til nemenda</i>	9
<i>Spurningalisti til starfsfólks</i>	11
<i>Tiðnitöflur nemenda</i>	13
<i>Tiðnitöflur starfsmanna</i>	16
<i>Nemendaviðtöl:</i>	19

Sjálfsmat Laugalandsskóla. - Líðan.

Inngangur.

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 2011 þarf innra mat skólans að vera *altækt* (þ.e. að ná til allra þátta skólastarfsins), *formlegt* (þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum) *áreiðanlegt* (þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum), *samstarfsmiðað* (þ.e. allir sem starfa við skólann þurfa að koma að matinu), *umbótamiðað* (áætlanir um umbætur byggðar á matinu þurfa að koma fram, *stofnana og einstaklingsmiðað* (þ.e. taka þarf bæði til skólans í heild og til þeirra sem þar vinna), en auk þess *lýsandi,greinandi og opinbert*.

(<http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/nr/6226>)

Allt eru þetta mikilvægir þættir til að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfinu. Ef aðferðir og vinnsla slíks mats eru skilvirkar er það ákjósanleg aðferð til að styrkja og bæta skólastarfið. Voru allir þessir þættir hafðir í huga við gerð sjálfmatsins 2011-2012.

Til að fylgja þessum reglum Aðalnámskrár þarf stöðugt að fylgjast með innra starfi skólans. Við teljum það best gert með könnunum og fyrirspurnum til þeirra sem að skólastarfinu koma og hafa eitthvað um það að segja sem verið er að kanna hverju sinni. Kannanirnar þurfa að vera leynilegar og miða að því að finna leiðir til úrbóta við hvern hluta skólastarfsins sem kannaður er hverju sinni.

Mikilvægt er að sem flestir svari könnuninni og eins er ákaflega gott ef fólk er duglegt að setja athugasemdir, hvort sem eru jákvæðar eða neikvæðar, en þá fyrst er hægt að bregðast við og bæta úr, ef fram kemur hvað það er sem er athugavert. Það er líka alltaf gott að fá klapp á bakið og jákvæðar athugasemdir gefur vísbendingar um að verið sé að gera eitthvað gott og þá er unnt að halda áfram á þeirri braut.

Þar sem ein mikilvægasta forsenda þess að fólk geti lagt sig fram við vinnu er talin vera vellíðan á vinnustað, var á sínum tíma ákveðið að athuga líðan nemenda og starfsfólks á hverju ári. Árið 2011-2012 var engin undantekning og ákveðið að leggja fyrir könnun um líðan fyrir áramót og könnun um tengsl heimila og skóla eftir áramót.

Könnunin um líðan var lögð fyrir nemendur í dansvikunni (24. - 28. október). Mánudaginn 24. október fór fyrirlagnaraðili inn í stofur nemenda í 4.-10. bekk og lagði fyrir þá lista með spurningum og útskýrði eftir þörfum. Nemendur fengu tíma til að svara og skiluðu að því búnu blöðum sínum í kassa sem fyrirlagnaraðili skildi eftir í stofunni. Þegar allir nemendur höfðu skilað stokkaði fyrirlagnaraðili bunkann og síðan voru niðurstöður skráðar í þar til gert forrit (SPSS) sem reiknar út úr niðurstöðum.

Starfsfólk svaraði spurningunum þriðjudaginn 25. október. Blaði með spurningum var dreift til þeirra og könnunin útskýrð ásamt því að fólk var hvatt til að vera duglegt að skrá athugasemdir. Þegar blaðinu hafði verið svarað skiluðu þeir því í þar til gerðan kassa og síðan voru þau meðhöndluð á sama hátt og svarblöð nemenda.

Ákveðið var að setja sér það markmið að ásættanlegt hlutfall svara væru 95% um og yfir meðallagi.


Við skulum nú kíkja á hvernig svör við líðanspurningunum komu út hjá nemendum.

Niðurstöður.


Nemendur.

Veturinn 2011-2012 eru 76 nemendur í skólanum. Könnunin var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Þar eru 60 nemendur og svöruðu 59 þeirra könnuninni, sem er frábært svarhlutfall. Af þessum 59 nemendum eru 32 piltar og 27 stúlkur.

Einungis 5% sögðu að þeim líði frekar eða mjög illa í skólanum, en 95% nemenda sögðu að sér líði um og yfir meðallagi vel í skólanum (mynd 1). Þar af voru 46% sem sögðu að þeim líði mjög vel þar. Þetta eru akkúrat viðmiðunartölurnar okkar og því mjög góð útkoma. Þá sögðu 93,2% nemenda að þeim líði um og yfir meðallagi vel í kennslustundum, en 6,8% að þeim líði frekar eða mjög illa. Þetta er aðeins undir viðmiðunarmarkinu okkar. Það er að sjálfsögðu ekki gott að einhverjum líði frekar illa eða mjög illa í skólanum og/eða kennslustundum. Sem betur fer koma ástæðurnar stundum fram í líðankönnuninni og er þá hægt að bregðast við með úrbótum. En ef svo er ekki, þá höfum við hannað sérstakt spurningaform sem nota má í nemendaviðtölum og sagt verður nánara frá í umbótakaflanum.




mynd 1




mynd 2

Hvað frímínútur varðar þá líður engum mjög illa í frímínútum, hvorki inni né úti og er það frábært. 96,6% nemenda líður um og yfir meðallagi vel í útfrímínútum og 94,9% nemenda segja að þeim líði um og yfir meðallagi vel í innfrímínútum.

Á myndum 3 og 4 má sjá tvær myndir, á annarri er fjöldi nemenda sem svara hvernig þeim líður í búningsklefa og hins vegar er mynd sem sýnir sömu svör þegar þau eru sett upp með prósentutölum.




mynd 3




mynd 4

Einungis einn nemandi segir að honum líði mjög illa í sundlauginni (mynd 5) og einn sagði að honum liði mjög illa í skólabílnum (mynd 6). Hvorugur skýrði frá af hverju viðkomandi liði mjög illa. Hins vegar komu athugasemdir með svarinu „frekar illa“ við spurningunni um líðan í skólabílnum, en þar var minnst á leiðinlega útværpsstöð og hávaða í ferðafélögunum.



mynd 5



mynd 6


Erfitt er að átta sig á hvað er að hrjá þá sem merkja við mjög illa þegar ekki er tilgreint hvers vegna. Hins vegar er stöðugt fylgst með líðan nemenda á skólatíma og þegar foreldradagur nálgast, sem er tvisvar á ári, er spurninglisti sendur heim með nemendum þar sem spurt er um líðan þeirra við misjafnar aðstæður. Þegar þessi könnun var gerð var foreldradagur 5 dögum síðar og þá kom í ljós hverjir það voru sem leið svona illa og hvers vegna og var það leyst á farsælan hátt.

Starfsfólk.

Könnunin var lögð fyrir starfsfólk á þriðjudegi. Öllum starfsmönnum var afhentur spurningalistinn persónulega og hver og einn hvattur til að skrifa athugasemdir ef þeir hefðu einhverjar. Síðan áttu þeir að skila svörum í kassa á tilgreindum stað.


Spurningalistinn var lagður fyrir 17 starfsmenn og svöruðu honum allir. Ekki náðist að leggja listann fyrir tvo starfsmenn sem eru í hlutastarfi.

Svör starfsfólks voru á ýmsa vegu. Spurningarnar höfðu til ólíkra starfshópa og því eru einhverjir sem svara ekki öllum spurningunum, þar sem þeir sinna ekki þeim störfum sem spurt er um. Til dæmis fara konurnar í eldhúsinu aldrei inn í kennslustundir. En einnig eru svör sem eiga við allt starfsfólk, eins og hvort fólk líði vel eða illa í vinnunni. Ef við skoðum aðeins þær tvær spurningar, þá svara 8 að þeim líði mjög vel í vinnunni, en það eru rúm 47% starfsmanna (mynd 7).




mynd 7

Átta starfsmenn segja að þeim líði mjög vel í kennslustundum, en það eru 50% þeirra sem svara (mynd 8). Ekki fara allir starfsmenn skólans í kennslustundir og merkja þeir við möguleikann; „á ekki við“. Á mynd 9 má sjá hvernig svörin raðast í prósentur ef við skoðum bara svör þeirra sem fara í kennslustundir. Þá sjáum við að þessir átta sem svara að þeim líði mjög vel, eru rétt tæp 62%.




mynd 8




mynd 9

Bætum við mynd 10 sem sýnir fjölda þeirra sem merkja við hvern flokk, og þá sjáum við að það er einungis einn starfsmaður á bak við þessi 8% sem lenda í tveimur neðstu svarmöguleikunum. Þarna má vel sjá, hversu fámennið telur mikið þegar breytt er yfir í prósentur.




mynd 10




mynd 11

Skoðum næst hvernig starfsfólki líður við gæslu. Alltaf er reynt að hafa gott eftirlit með leikjum nemenda, að enginn slasi sig, lendi í útistöðum eða verði fyrir aðkasti. Þannig eru alltaf tveir samtímis á gæslu í matsal, tveir við gæslu þegar nemendur eru úti og við gæslu á göngunum þegar nemendur eru í frímínútum. Við settum svör þeirra sem sinna gæslu upp í súlur og má sjá þær á myndum 11, 12 og 13. Eins og sést á myndunum eru tíu starfsmenn sem skipta gæslunni úti með sér. Ellefu starfsmenn koma að gæslu innanhúss og tólf starfsmenn sjá um gæslu í matsal. Lang flestum líður mjög vel eða frekar vel við þessa gæslu, en þó er einn aðili sem merkir við að sér líði frekar illa við gæslu inni og annar sem merkir við að sér líði frekar illa við gæslu í matsal.




mynd 12




mynd 13

Á öllum myndunum sem sýna svörin við líðan á gæslu, eru einungis sýnd svör þeirra sem sinna gæslunni, en tekin út svör þeirra sem merkja við möguleikann; „á ekki við“.




mynd 14




mynd 15

Ef við síðan setjum spurninguna; líður þér vel eða illa við gæslu í matsal, þannig upp að við sjáum prósentutölur (mynd 14), þá sjáum við að 84% starfsmanna sem sinna gæslu í matsal, líður frekar vel eða mjög vel við það starf.

Skoðum líka spurninguna; er skólinn þægilegur eða óþægilegur vinnustaður (myndir 15 og 16)



mynd 16



mynd 17

13 manns eða 76% svarenda segja að þeim þyki skólinn frekar eða mjög þægilegur vinnustaður. Þar er þó einn starfsmaður eða 8% sem segir að honum þyki hann óþægilegur. Þar voru engar skýringar gefnar, en á kennarafundi hvatti skólustjóri fólk til að tjá sig ef það væri eitthvað sem það teldi mega betur fara. Það kom síðar fram að ástæða óánægjunnar var tengd innliti stjórnenda í kennslustofur. Ákveðið var að taka þetta fyrir á næsta kennarafundi og urðu allir sáttir með þær úrlausnir sem fjallað verður um í umbótakaflanum.

Umbætur

Eins og fram kom í skýrslunni komu ekki alltaf útskýringar á svörum þátttakenda og er því erfitt að ætla að finna einhverjar lausnir í samræmi við það.

Hér skulu þó nefndar nokkrar tillögur að umbótum.

Hjá nemendum hafa verið tekin upp svokölluð nemendaviðtöl, en þá fær umsjónarkennari tíma til að spjalla einslega við hvern og einn nemanda sem hann hefur umsjón með. Hefur verið búinn til gátlisti til að hafa til hliðsjónar í spjallinu (fylgiskjal 6). Margir kennarar hafa reyndar haft þann sið að spjalla einslega við nemendur sína öðru hvoru yfir veturinn, en nú er það komið inn í skólastarfið. Í þessu spjalli er von til að nemendur geti sagt frá því sem þeim liggur á hjarta hverju sinni og eflt traust milli nemenda og kennara þannig að þeir leiti enn frekar til þeirra með vandamál sín ef einhver eru.

Hvað starfsfólkið varðar, þá mætti ef til vill hafa fleiri starfsmannasamtöl. Rætt er við hvern starfsmann á hverju hausti og farið yfir hvað er framundan á komandi starfsári. Í mars eða apríl er síðan annað viðtal þar sem farið er yfir hvernig hverjum starfsmanni hefur líkað vetrarstarfið og hvers hann væntir á komandi starfsári. Þessi viðtöl eru bæði fremur formleg, en ef til vill mætti vera óformlegra spjall fyrir jól, þar sem gefið er færi á að ræða líðan eða væntingar.

Á kennarafundum mætti ef til vill hvetja fólk reglulega til að láta vita ef því liggur eitthvað á hjarta, hvort sem er á fundinum eða að það leiti til trúnaðarmanns eða stjórnenda.

Fara þarf vel yfir með starfsmönnum hvernig gæsla hentar hverjum best, áður en ákveðið er hvaða gæslu hver og einn sinnir, þannig að starfsmaðurinn sé sáttur og meðvitaður um val sitt.

Hvað varðar innlit stjórnenda, þá var það rætt á kennarafundi og komu fram skiptar skoðanir. Mörgum fannst ekkert óþægilegt, þó stjórnendur kæmu fyrirvaralaust inn í kennslustofur og nemendur eru vanir því. Þó kom kennurum saman um að gott væri að banka áður og segja erindið við viðkomandi kennara, þó það væri „bara að kíkja“. Eins væri mjög gott ef einhver nemandi væri illa fyrirhallaður, sem vissulega gerist stundum, að sá kennari sem næst væri með þann hóp yrði látinn vita og að stjórnandi eða umsjónarkennari myndi ef til vill líta inn til að athuga hvort allt væri í lagi. Þó eru kennarar sem vilja ekki að það sé bankað hjá sér og finnst það trufla meira. Stjórnendur myndu þá hafa það í huga á eftirlitsferðum sínum.

Þá eru starfendarannsóknir í gangi í skólanum, en þar taka tveir kennarar sig saman um að sitja inni í stofu hjá hvor öðrum og fylgjast með fyrirfram ákveðnum atriðum sem tengjast kennslu og þeir vilja bæta hjá sér. Þeir hittast síðan og fara yfir hvernig gekk, hvað mætti gera betur og hvað tókst sérstaklega vel. Þetta eflir og styður við hvern kennara í starfi sínu og þarna gefst líka vettvangur til að ræða við samstarfsmann um líðan og væntingar og fá álit annars til að leita lausna.

Vonandi verður þetta til að skapa enn betri skólabrag.

Lokaorð

Í heild má segja að nemendum og starfsfólki við Laugalandsskóla líði vel.

Alltaf má gera gott betra og aldrei er ásættanlegt að einhverjum líði ekki vel. Því munum við áfram sem hingað til kappkosta að fylgjast vel með líðan allra sem koma að skólanum og reyna á allan hátt að bæta líðan þeirra sem gæti liðið betur.

Spurningalisti til nemenda

Vinsamlega skrifið í athugasemdir ef ykkur liggur eitthvað á hjarta.
Hvort sem er jákvætt eða neikvætt



SPURNINGALISTI TIL NEMENDA LAUGALANDSSKÓLA

<p>1. Ertu piltur eða stúlka</p> <p><input type="checkbox"/> piltur</p> <p><input type="checkbox"/> stúlka</p>	<p>2. Í hvaða bekk ert þú?</p> <p><input type="checkbox"/> 10. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 9. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 8. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 7. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 6. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 5. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 4. bekk</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í kennslustundum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>5. Líður þér vel eða illa í frímínútum - úti?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa í frímínútum - inni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>

<p>7. Líður þér vel eða illa í búning- klefa?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>8. Líður þér vel eða illa í matsal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>9. Líður þér vel eða illa í íþróttasal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>10. Líður þér vel eða illa í sund- lauginni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>11. Líður þér vel eða illa í skólabílnum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Kem ekki með skólabíl</p>	<p>12. Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar litlar</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög litlar</p>

Takk fyrir þáttökuna.

Spurningalisti til starfsfólks



Vinsamlega skrifið í athugasemdir ef ykkur liggur eitthvað á hjarta. Hvort sem er jákvætt eða neikvætt. ☺

SPURNINGALISTI TIL STARFSFÓLKS LAUGALANDSSKÓLA

<p>1. Líður þér vel eða illa í vinnunni?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p>	<p>2. Líður þér vel eða illa í kennslu- stundum?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í störfum sem falla undir 9,14?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í frímínút- um/kaffitímum?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p>
<p>5. Líður þér vel eða illa við gæslu úti?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa við gæslu inni?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>

<p>7. Líður þér vel eða illa við gæslu í matsal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>8. Er skólinn þægilegur eða óþægilegur vinnustaður?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar óþægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög óþægilegur</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>9. Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín á vinnustadnum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar litlar</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög litlar</p> <p>hverju vildir þú breyta? _____</p> <p>_____</p>	<p>10. Er mikið eða lítið álag í vinnunni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegt</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar lítið</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög lítið</p> <p>hverju vildir þú breyta? _____</p> <p>_____</p>

Takk fyrir þátttökuna.

Tíðnitöflur.**Líðan nemenda 2011**

1 Ert þú piltur eða stúlka?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
piltur	32,0	54,2	54,2	54,2
stúlka	27,0	45,8	45,8	100,0
samtals	59,0	100,0	100,0	

2 Í hvaða bekk ert þú?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
10. bekk	11,0	18,6	19,0	19,0
9. bekk	10,0	16,9	17,2	36,2
8. bekk	9,0	15,3	15,5	51,7
7. bekk	12,0	20,3	20,7	72,4
6. bekk	6,0	10,2	10,3	82,8
5. bekk	6,0	10,2	10,3	93,1
4. bekk	4,0	6,8	6,9	100,0
samtals	58,0	98,3	100,0	
svara ekki	1,0	1,7		
alls	59,0	100,0		

3 Líður þér vel eða illa í skólanum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	27,0	45,8	45,8	45,8
frekar vel	16,0	27,1	27,1	72,9
bæði og	13,0	22,0	22,0	94,9
frekar illa	2,0	3,4	3,4	98,3
mjög illa	1,0	1,7	1,7	100,0
samtals	59,0	100,0	100,0	

4 Líður þér vel eða illa í kennslustundum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	26,0	44,1	44,1	44,1
frekar vel	16,0	27,1	27,1	71,2
hvorki né	13,0	22,0	22,0	93,2
grekar illa	3,0	5,1	5,1	98,3
mjög illa	1,0	1,7	1,7	100,0
samtals	59,0	100,0	100,0	

5 Líður þér vel eða illa í úti frímínútum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	33,0	55,9	55,9	55,9
frekar vel	18,0	30,5	30,5	86,4
bæði og	6,0	10,2	10,2	96,6
frekar illa	2,0	3,4	3,4	100,0
samtals	59,0	100,0	100,0	

6 Líður þér vel eða illa í inni-frímínútum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	37,0	62,7	62,7	62,7
frekar vel	14,0	23,7	23,7	86,4
bæði og	5,0	8,5	8,5	94,9
frekar illa	1,0	1,7	1,7	96,6
á ekki við	2,0	3,4	3,4	100,0
samtals	59,0	100,0	100,0	

7 Líður þér vel eða illa í búningklefa?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	26,0	44,1	45,6	45,6
frekar vel	17,0	28,8	29,8	75,4
hvorki né	10,0	16,9	17,5	93,0
frekar illa	4,0	6,8	7,0	100,0
samtals	57,0	96,6	100,0	
svara ekki	2,0	3,4		
alls	59,0	100,0		

8 Líður þér vel eða illa í matsal?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	30,0	50,8	50,8	50,8
frekar vel	18,0	30,5	30,5	81,4
hvorki né	10,0	16,9	16,9	98,3
frekar illa	1,0	1,7	1,7	100,0
samtals	59,0	100,0	100,0	

9 Líður þér vel eða illa í íþróttasal?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	37,0	62,7	63,8	63,8
frekar vel	16,0	27,1	27,6	91,4
hvorki né	5,0	8,5	8,6	100,0
samtals	58,0	98,3	100,0	
svarar ekki	1,0	1,7		
alls	59,0	100,0		

10 Líður þér vel eða illa í sundlauginni?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	31,0	52,5	52,5	52,5
frekar vel	18,0	30,5	30,5	83,1
hvorki né	9,0	15,3	15,3	98,3
mjög illa	1,0	1,7	1,7	100,0
samtals	59,0	100,0	100,0	

11 Líður þér vel eða illa í skólabílnum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	28,0	47,5	47,5	47,5
frekar vel	11,0	18,6	18,6	66,1
hvorki né	10,0	16,9	16,9	83,1
frekar illa	2,0	3,4	3,4	86,4
mjög illa	1,0	1,7	1,7	88,1
kem ekki með skólabíl	7,0	11,9	11,9	100,0
samtals	59,0	100,0	100,0	

12 Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín í skólanum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög miklar	4,0	6,8	6,9	6,9
frekar miklar	7,0	11,9	12,1	19,0
hæfilegar	43,0	72,9	74,1	93,1
frekar litlar	4,0	6,8	6,9	100,0
samtals	58,0	98,3	100,0	
svarar ekki	1,0	1,7		
alls	59,0	100,0		

Tíðnitöflur

Líðan starfsfólks 2011

1 Líður þér vel eða illa í vinnunni?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
Mjög vel	8,0	47,1	47,1	47,1
Frekar vel	6,0	35,3	35,3	82,4
bæði og	3,0	17,6	17,6	100,0
Samtals	17,0	100,0	100,0	

2 Líður þér vel eða illa í kennslustundum?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	8,0	47,1	50,0	50,0
frekar vel	3,0	17,6	18,8	68,8
bæði og	1,0	5,9	6,3	75,0
frekar illa	1,0	5,9	6,3	81,3
á ekki við	3,0	17,6	18,8	100,0
samtals	16,0	94,1	100,0	
svarar ekki	1,0	5,9		
alls	17,0	100,0		

3 Líður þér vel eða illa í 9,14?				
Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	6,0	35,3	40,0	40,0
frekar vel	4,0	23,5	26,7	66,7
hvorki né	1,0	5,9	6,7	73,3
frekar illa	1,0	5,9	6,7	80,0
á ekki við	3,0	17,6	20,0	100,0
samtals	15,0	88,2	100,0	
svarar ekki	2,0	11,8		
alls	17,0	100,0		

4 Líður þér vel eða illa í frímínútum/kaffitímum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	10,0	58,8	58,8	58,8
frekar vel	5,0	29,4	29,4	88,2
bæði og	1,0	5,9	5,9	94,1
frekar illa	1,0	5,9	5,9	100,0
samtals	17,0	100,0	100,0	

5 Líður þér vel eða illa í gæslu úti ?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	5,0	29,4	31,3	31,3
frekar vel	3,0	17,6	18,8	50,0
bæði og	1,0	5,9	6,3	56,3
á ekki við	7,0	41,2	43,8	100,0
samtals	16,0	94,1	100,0	
svarar ekki	1,0	5,9		
alls	17,0	100,0		

6 Líður þér vel eða illa í innigæslu?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	5,0	29,4	31,3	31,3
frekar vel	4,0	23,5	25,0	56,3
hvorki né	1,0	5,9	6,3	62,5
frekar illa	1,0	5,9	6,3	68,8
á ekki við	5,0	29,4	31,3	100,0
samtals	16,0	94,1	100,0	
svarar ekki	1,0	5,9		
alls	17,0	100,0		

7 Líður þér vel eða illa við gæslu í matsal?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög vel	8,0	47,1	50,0	50,0
frekar vel	2,0	11,8	12,5	62,5
hvorki né	1,0	5,9	6,3	68,8
frekar illa	1,0	5,9	6,3	75,0
á ekki við	4,0	23,5	25,0	100,0
samtals	16,0	94,1	100,0	
svarar ekki	1,0	5,9		
alls	17,0	100,0		

8 Er skólinn þægilegur/óþægilegur vinnustaður?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög þægilegur	5,0	29,4	29,4	29,4
frekar þægilegur	8,0	47,1	47,1	76,5
hvorki né	3,0	17,6	17,6	94,1
frekar óþægilegur	1,0	5,9	5,9	100,0
Samtals	17,0	100,0	100,0	

9 Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín á vinnustaðnum?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög miklar	3,0	17,6	17,6	17,6
frekar miklar	4,0	23,5	23,5	41,2
í meðallagi	9,0	52,9	52,9	94,1
frekar litlar	1,0	5,9	5,9	100,0
Samtals	17,0	100,0	100,0	

10 Er mikið eða lítið álag í vinnunni?

Gildi	Tíðni	Prósenta	Gild Prósenta	Vaxandi Prósenta
mjög mikið	4,0	23,5	23,5	23,5
frekar mikið	3,0	17,6	17,6	41,2
hæfilegt	10,0	58,8	58,8	100,0
Samtals	17,0	100,0	100,0	



Nemendaviðtal

Nafn nemanda : _____

Nemendaviðtal dags. _____.

Umsjónarkennari og nemandi fara yfir nokkur atriði varðandi líðan nemandans í skólanum.

Hver er að þínu mati ánægjulegasti/áhugaverðasti dagur vikunnar í skólanum?

Hvers vegna er sá dagur áhugaverðastur?

Hvaða fög eru að þínu mati áhugaverðari en önnur?

Hvað gerir þau áhugaverð?

Eru einhver fög sem þú kvíðir fyrir að stunda ? Já____ Nei____

Ef já hversvegna? _____

Hvernig semur þér við starfsfólk skólans?

Hvernig líður þér...	mjög vel	frekar vel	frekar illa	mjög illa	veit ekki
Í íslenskutímum					
Í stærðfræðitímum					
Í enskutímum					
Í dönskutímum					
Í samfélagsfræðitímum					
Í náttúrurfræðitímum					
Í kristinfræðitímum					
Í lífsleiknitímum					
Í íþróttum					
Í sundi					
Á göngunum					
Í útifrímínútum					
Í búningsklefum					
Í skólabílnum					
Með bekkjarfélögunum					

Ef svarað er frekar illa, mjög illa eða veit ekki þá vinsamlegast rökstyðið:

Umsjónarkennari

Nemandi
